

dagsverk til sóknarprests síns þau 2 ár, sem gjald-
ið er krafð fyrir, og heldur áfrýjandi því fram,
að svo hafi verið, en stefndi neitar því. En nefnt
лагаákvæði verður eigi skilið öðruvísu en svo, að
enginn maður sé dagsverkksskyldur, sem tíundar
5 hndr. lausafjár eða þar yfir, og var það því rétt,
er undirdómarinn sýknaði stefnda af kröfu áfrýj-
anda um hið umkrafða gjald, og ber að staðfesta
aukaréttardóminn að öllu leyti. Með því að stefndi
mætti eigi fyrir yfirdóminum, fellur málskostnað-
ur niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. marzmánaðar.

Nr. 31/1902:

Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
L. A. Snorrasynti.

D ó m u r:

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinbjarnarson,
sótti stefnda L. A. Snorrason kaupmann, í héraði
til fjárútláta fyrir sammingsrof m. fl., og var það
dæmt fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 18. júlí
f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var skyldaður
til að gjöra stefnanda reikningsskil fyrir viðskift-
um þeirra að viðlögðum 2 kr. dagsektum fyrir
hvern dag, er það dregst fram yfir fullnægingar-

frest. Um málskostnað er ekkert ákvæði í niðurlagsatriði dómsins.

Þessum dómi hefir Sigfús Sveinbjarnarson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 10. okt. f. á. og krafist, að hann verði úr gildi feldur eða honum breytt og brundið þannig, að stefndi L. A. Snorrason verði dæmdur til að greiða sér sem verzlunarstjóra umsamið kaup 1500 kr. fyrir árið frá 25. sept. 1901 til 25. sept. 1902, að hann verði dæmdur til þess að greiða sér sanngjarna þóknun eftir óvilhallra manna mati fyrir aukatekjur þær (procentur), er hann hafi lofað sér, að honum verði gjört að svara sér eftir óvilhallra manna mati hlunnindum þeim, er hann hafi áskilið sér, að stefndi verði að viðlögðum dagsektum skyldaður til þess að gjöra reikningskil fyrir viðskiftum þeirra, og loks, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Hinsvegar hefir stefndi krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda í máli þessu, en áfrýjandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að áfrýjandi kveðst hafa verið ráðinn frá 25. sept 1901 til þess að veita verzlun stefnda á Ísafirði forstöðu fyrst um sinn árlangt með þeim kjörum, að hann skyldi hafa 1500 kr. í laun, ókeypis heimilisvist, ljós og hita; skyldi hann enn fremur fá 15% af eigin úttekt sinni við verzlunina, 2½% af innheimtum úti-standandi skuldum og 1% af aukinni umsetningu

verzlunarinnar. Áfrýjandi segir stefnda hafa rofið þenna samning við sig, afturkallað fullmakt sína áður árið væri litið og vikið sér frá verzlunarstjórástöðunni 5 mánuðum fyrir umsaminn tíma.

Hinsvegar hefir stefndi neitað því, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til sín sem verzlunarstjóri árlangt, heldur að eins meðan hann væri í útlöndum veturinn 1901—1902; hann hefir neitað því, að hann hafi lofað áfrýjanda hærri launum en til-
tölulegum hluta af 1400 kr. árslaunum fyrir þann tíma er hann væri verzlunarstjóri sinn; ennfremur hefir stefndi neitað því, að hann hafi lofað áfrýjanda ókeypis ljósi og eldsneyti, 15% af vörum þeim, er áfrýjandi feangi við verzlunina, og 1% af aukinni veltu (umsetningu), en kveðst hafa lofað honum 2% af innheimtum eldri skuldum, þó ekki af skuldum fastra viðskiftamanna verzlunarinnar, svo og ókeypis húsnæði. Hefir stefndi haldið því fram, að hann hafi boðið áfrýjanda að gjöra upp viðskifti þeirra þegar hann óskaði þess, og hefir áfrýjandi ekki nægilega vefengt það.

Áfrýjandi hefir alls ekki gegn neitun stefnda sannað, að það sem hann segir um samninga hans og stefnda, ráðningu hans og launakjör, eigi við nein rök að styðjast frekar en stefndi hefir víðurkent; verður því að taka gilt það sem stefndi í þessu tilliti hefir haldið fram.

Það sem áfrýjandi þannig virðist geta fært stefnda til reiknings eru laun fyrir 7 mánuði, miðuð við 1400 kr. árslaun, og 2% af innheimtum eldri skuldum að fráteknum skuldum fastra við-

skiftamanna verzlunarinnar; en áfrýjanda verður samt ekki í þessu máli dæmt neitt í þessu tilliti, þar sem það er viðurkennt í málinu, að reikningur yfir viðskifti þeirra málsaðila enn er óuppgjörður og því ekki unt að ákveða neitt um, hvort eða hve mikið stefndi kann að eiga að lúka áfrýjanda. En heimting á hann á, að viðskiftareikningur þeirra verði uppgjörður, og þó að stefndi hafi boðist til að gjöra upp reikninginn, þá, með því að ekki verður séð að það enn sé gjört, en stefndi hefir öll tæki til þess í höndunum, virðist rétt samkvæmt kröfu áfrýjanda, að skylda hann til þess, eins og undirdómarinn hefir gjört, að viðlagðri 2 kr. sekt fyrir hvern dag er það dregst fram yfir ákveðinn tíma. Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 25 kr. Málskostnaður í héraði fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjanda Sigfúsi Sveinbjarnarsyni ber að greiða stefnda L. A. Snorrasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.